

Stjórnarfundur nr. 5

19. nóvember 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Sóley Halla Möller, Guðmundur A. Guðmundsson og Herdís Hallmarsdóttir. Brynja Tomer boðaði forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdarstjóri ritar fundinn.

1. NKU/VK – fundur í Reykjavík

Klara Símonardóttir, starfsmaður á skrifstofu HRFÍ og formaður ræktunar- og staðlanefndar HRFÍ sótti hluta fundarins ásamt Helgu Finnsdóttur dýralækni og formanni vísindanefndar HRFÍ.

Punktur af fundinum frá Klöru Símonardóttur:

Fundurinn var haldinn á Reykjavík Lights hóteli 3. nóvember sl.

Mættir voru fulltrúar frá öllum NKU löndunum, Helga Finnsdóttir og Klara Símonardóttir frá Íslandi.

Hér má sjá dagskrá fundarins:

1. Stuttar fréttir frá félögunum og kynningar.
2. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
3. Farið yfir stöðuna í hverju landi á BSI, RAS og skapgerðarmati.
4. Alþjóðlegir viðburðir og ráðstefnur.
5. Farið yfir skýrslu DNA hópsins
6. Farið yfir skýrslu Index hópsins
7. Farið yfir skýrslu HD/ED panelsins.
8. Farið yfir skýrslu frá FCI Breeding Commission og Scientific Commission.
9. Tillögur frá vísindanefnd NKU til stjórnar NKU.
10. Önnur málefni og næsti fundur.

Áætlað er að halda styttri fund í Dortmund í febrúar þar sem meirihluti fundarmanna fer á ráðstefnuna þar. Næsti fundur er svo áætlaður í Noregi í nóvember 2015 og mælti fundurinn eindregið með því að öll aðildarlönd NKU sendu fulltrúa.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Síðasta sýning ársins gekk vel. Nokkur kuldi var þó í sýningarhöllinni báða dagana og er það eitthvað sem þarf að skoða betur fyrir næstu sýningu sem og gólfmál. Mikil vinna er að leggja og taka þau upp

og ég set spurningamerki við hvort þetta sé almennt bjóðandi okkar fólki. Ég mun fara á fund á morgun, fimmtudag með Fáksmönnum til að ræða framhaldið.

118 hundar voru augnskoðaðir sömu helgi og sýningin var. Tveir hundar greindust með arfgenga sjúkdóma. Annar var samoyed, sem var að fá staðfestingu á cataract greiningu og hinn var labrador með grun um PRA.

Ég fór fyrir hönd félagið á FCI European Section fund í Tékklandi í framhaldi af evrópusýningunni í lok október. Ég er ennþá að bíða eftir fundargerð frá fundinum til að kynna, en get þó sagt frá því að tvær kosningar fóru fram. Kosið var um forseta Evrópuhlutans og í framboði voru Jörgen Hindse núverandi formaður og formaður DKK og Cristian Stefanescu formaður Rúmenska hundaræktarfélagins. Jörgen var kjörinn með miklum meirihluta atkvæða. Kosið um hvar Evrópusýningin eigi að fara fram árið 2018. Þrjú lönd höfðu sótt um að fá að halda sýninguna; Svíþjóð, Pólland og Austurríki. Pólland vann þá kosningu með naumum meirihluta. Ég fékk aftur tækifæri til að ræða við forráðamenn FKK um tölvumál, en við erum ennþá að bíða eftir svörum frá ræktunar og staðlanefnd HRFÍ til að geta haldið áfram með málið.

Um síðustu helgi var ég með kynningarbás HRFÍ á Nordic Winner sýningunni í Lilleström í Noregi. Helgin gekk vel og var nokkur umferð í básinn okkar, sérstaklega á laugardeginum. Það verður hins vegar að viðurkenna að staðsetning Norðurlandatorgsins var ekki góð á þessari sýningu og voru hinir NKU klubbarnir sammála um það. Ungir sýnendur stóðu sig vel í keppninni. Í liðakeppni voru Hafdís Jóna, Hilda Björk, Margrét og Ylfa Dögg og stóðu þær sig með sóma og lentu í 3ja sæti. Í einstaklingskeppni komust Hilda Björk og Hafdís Jóna í 10 manna úrslit og hreppti Hilda Björk 3ja sætið. Frábær árangur hjá „landslíðinu“ okkar undir leiðsögn og fararstjórn Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur.

3. Erindi frá sýningadómaranefnd HRFÍ – tölvupóstur 7. október

Herdís Hallmarsdóttir, sem þýddi meðfylgjandi reglur og leiðbeiningar, sendir erindið f.h. sýningadómaranefndar HRFÍ:

„Hjálagt sendast reglur og leiðbeiningar fyrir sýningadómara sem sýningadómaranefnd samþykkti fyrr í kvöld að leggja fyrir stjórn til samþykktar.

Eins og heiti reglnanna gefur til kynna er hér um að ræða reglur og leiðbeiningar ætlaðar sýningadómurum. Reglur þessar eru að langstærstum hluta unnar að sænskri fyrirmynd, en sænsku reglurnar má finna hér: <http://www.skk.se/Global/Dokument/Utstilling/Broschyrer/Regler-och-anvisningar-for-exterjordomare-samt-domaretiska-regler-U31.pdf>.

Reglurnar voru svo uppfærðar til samræmis við gildandi sýningareglur félagsins sem og reglur FCI sem gilda um dómara.

Sýningadómaranefnd óskar hér með eftir að stjórn HRFÍ samþykki reglurnar. Nefndin bendir á að stjórn hefur sérstakt hlutverk samkvæmt reglum þessum. Í tveimur tilvikum mælir stjórn HRFÍ með ákveðinni framkvæmd. Annars vegar mælir stjórn með ákveðinni framkvæmd á mælingum hunds (bls. 10) og hins vegar gefur stjórn leiðbeinandi tilmæli til dómara um að gefa 0. einkunn þegar vígtennur fara upp í efri góm hunds innan tanngarðs. Þá er stjórn HRFÍ falið að ákveða þegar réttindi dómara eru í hvíld sem og að svipta eða fella niður dómara réttindi auk þess að veita þau að nýju. Það að til

séu reglur um málsmeðferð og beitingu viðurlaga vegna þess að dómari gerist sekur um óásættanlega hegðun er meðal þeirra krafna sem FCI gerir til aðildarfélaga sinna. M.a. af þeim sökum leggur sýningadómaranefndin áherslu á að málið hljóti eins hraða afgreiðslu hjá stjórn félagsins og kostur er.

Undirrituð mun fyrir hönd nefndarinnar taka við öllum ábendingum sem og svara hverjum þeim fyrirspurnum sem stjórnarmeðlimir kunna að hafa. Það upplýsist jafnframt að þar sem í reglunum er fjallað um atriði er varða framkvæmd og skipulag sýninga samþykkti nefndin að senda sýningastjórn reglurnar til umsagnar. Að sama skapi verða reglurnar kynntar dómurum félagsins og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum til stjórnar.“

Þessu erindi var frestað á stjórnarfundi 15. október sl. m.a. vegna þessa að Brynja hafði ekki haft tíma til að lesa þýðinguna og vill e.t.v.koma að athugasemdum varðandi málfar ofl. og eins að einn nefndarmaður í sýningadómaranefnd vildi fara frekar yfir reglurnar.

Á sýningadómaranefndarfundi þann 3. nóvember sl. kom í ljós að athugasemdir nefndarmanns áttu við annað. Þannig að sýningadómaranefnd lýsir ánægju sinni með þessa þýðingu og samþykkir hana einróma. Herdísí Hallmarsdóttur eru færðar þakkir fyrir þessa vinnu sem og Lilju Dóru Halldórsdóttur, sem aðstoðaði hana.

Reglurnar samþykktar með þeim fyrirvara þó að þær verða ekki birtar fyrr en þeir, sem unnu að reglunum hafa tekið til skoðunar tillögur Brynju Tomer að breyttu orðalagi, sem þurfa þó að berast fyrir 27. nóvember.

4. Erindi frá ræktunardeildum um sýningar.

· Retrieverdeild HRFÍ – tölvupóstur 10. október

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar.

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómarann.

· Erindi frá Chihuahuedeild HRFÍ – tölvupóstur 7. október

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar – svar hefur borist

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómarann.

· Erindi frá Scnauzerdeild – tölvupóstur 30. september

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar – svar hefur borist

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómarann.

· **Erindi frá Cavalierdeild – tölvupóstur 15. október**

Umsókn um deildarsýningu – erindi sent sýningastjórn til umsagnar – svar hefur borist

Málinu vísað aftur til sýningastjórnar. Vantar nánari upplýsingar um dómara.

Á stjórnarfundum 15. október sl. var ofangreindum erindum um deildarsýningar vísað aftur til sýningastjórnar.

· **Svar frá sýningastjórn HRFÍ – tölvupóstur 12. nóvember**

„Sýningastjórn hefur að ósk stjórnar með vísan í reglugerð um deildasýningar "Leitast skal við að velja dómara, sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum)" kynnt sér nánar þá dómara, sem koma til með að dæma á sérsýningum eftirfarandi deilda á komandi ári: retrieverdeild, chihuahuedeild, cavalierdeild og schnauzerdeild.

Mjög létt verk var að sannreyna sérþekkingu dómara hjá retriever-, chihuahua- og cavalierdeild, en við fundum lítið um dómara schnauzerdeildar og því óskaði sýningastjórn því eftir nánari upplýsingum frá deildinni. Svar barst frá formanni schnauzerdeildar til stjórnar HRFÍ 21. október og áframsendi ég það svar á sýningastjórn. Í svari schnauzerdeildar kemur aðeins fram að dómari hafi vissulega dæmt tegundirnar áður, en auðvitað efaðist enginn um réttindi hans. Sýningastjórn getur hinsvegar ekki fallist á að þessi dómari sé sérfræðingur á tegundirnar. Deildin bendir á að dómari eigi að dæma schnauzer á evrópusýningunni í Brno í lok október. Vegna þess þykir sýningastjórn rétt að benda á að dómari tilkynnti með 2ja vikna fyrirvara að hann gæti ekki dæmt vegna veikinda. Því var fengin annar dómari í hans stað.

Þrátt fyrir að ákvæði um sérþekkingu dómara sé ekki uppfyllt, þá treystir sýningastjórn deildum til að velja dómara og það hljóti að vera góð ástæða fyrir því að stjórn schnauzerdeildar kjósi að velja þennan tiltekna dómara.

Eins þykir sýningastjórn nauðsynlegt að benda stjórn HRFÍ á að fjöldi áætlaðra hunda á cavalier- og schnauzerdeildasýningum er talsvert hærri en á sýningum félagsins. Á síðustu sýningu félagsins voru 23 cavalierhundar skráðir en gert er ráð fyrir 70 hundum í áætlun deildarinnar. Eins voru 63 hundar skráðir á síðustu sýningu félagsins frá Schnauzerdeild en gert er ráð fyrir 90 í áætlun. Sýningastjórn skilst að báðar þessar deildir eigi nægilega eigin fjármuni til að standa undir tapi ef það verður. Því gerum við enga athugasemd, en þykir rétt að upplýsa stjórn um þetta atriði.“

Samþykkt

5. Fyrirspurn frá Ásgeiri Heiðari– tölvupóstur 14. október

Góðan daginn,

Mig langar til að fá svör við eftirfarandi:

Þar sem nú eru aðeins 4 í stjórn FHD og enginn formaður, er stjórnin lögleg og starfshæf?

Kv, Ásgeir Heiðar, Veiðiprófanefnd FHD

Þessir stjórnarmenn eru allir kosnir löglega á ársfundi deildarinnar og er stjórn FDH ennþá ályktunarhæf og því lítur stjórn svo á að stjórnin sé lögleg og starfshæf.

6. Tillögur Brynju að glærukynningu með stjórnnum ræktunardeilda – tölvup.19. okt.

Stjórn sammála að þetta sér góður grunnur til að vinna með áfram. Ljúka þarf þessari vinnu fyrir áramót þar sem það var ákveðið á síðasta fulltrúaráðsfundi að fara af stað með þessa kynningarfundi með stjórnnum deilda eftir áramót.

7. Umsókn um veiðipróf frá Vorstehdeild HRFÍ – tölvupóstur 22. október

Umsóknin send til veiðiprófanefndar HRFÍ sbr. veiðiprófsreglur gr.2.2. Umsóknir.

Vísað áfram til veiðiprófsnefndar.

8. Erindi frá Íþróttadeild HRFÍ-tölvupóstur 30. september

Deildin óskar eftir að fá að halda fimm hundafimimót árið 2015

Á stjórnarfundi 15. október sl. var málinu frestað þar til upplýsingar liggja fyrir vegna fyrirspurnar Brynju.

Samþykkt. Stjórn hefur áhuga á að hitta forsvarsmenn íþróttadeildar í framhaldinu.

9. Tvö erindi frá retriverdeild HRFÍ – tölvupóstur 31. október

- Beiðni um staðfestingu á dagskrá veiðiprófa
- Umsókn um bráðargjald

Samþykkt.

10. Úrsagnir út ræktunarstjórn Shcäfferdeildar – tölvupóstur 29. og 30. október

Þrír stjórnarmenn hafa sagt sig úr stjórn:

Guðmundur Rafn Ásgeirsson, Þórður Bogason og Haukur Birgisson

Stjórn sammála um nauðsyn þess að kalla stjórn deildarinnar á fund til að ræða málin.

11. Erindi frá Smáhundadeild – tölvupóstur 2. nóvember 2014

„Á stjórnarfundum Smáhundadeildar 22. október síðastliðinn var meðal annars fjallað um nýja hvölpasíðu á heimasíðu félagsins.

Stjórnarmenn eru sammála um ágæti síðunnar og að nauðsynlegt sé að HRFÍ kynni starfsemi sína, þar með talið ræktunarstarf innan félagsins.

Á hinn bóginn eru stjórnarmenn jafnframt sammála um að það sé röng leið að láta ræktendur greiða sérstaklega fyrir að nöfn þeirra birtist á lista yfir ræktendur HRFÍ.

Til að gefa rétta og sanna mynd af ræktunarstarfi félagsins er að okkar mati eðlilegt að félagið birti nöfn ræktenda sinna, að því gefnu að þeir séu því ekki mótfallnir. Ekkert er því hinsvegar til fyrirstöðu að ræktendur geti síðan keypt auglýsingar ef þeir hafa áhuga á því.

Akkur félagsins er að sýna fram á öflugt og gott ræktunarstarf og það verður best gert með kynningar- og fræðslustarfi, ekki með gjaldtöku fyrir birtingu á lista yfir rætkendur.

Óskað er eftir því að erindi þetta verði tekið fyrir og afgreitt á stjórnarfundum og að það birtist í fundargerð ásamt niðurstöðu stjórnar.“

Stjórn skilur erindið á þann veg að lagt sé til að fallið sé frá gjaldtöku. Erindið var tekið fyrir og er ekki fallist á framangreinda beiðni

12. Bréf frá íslenskum fuglahundadómurum í dómarráði – tölvupóstur 13.08.

Ákveðið er að kalla tvo aðila úr dómarráði og dómaranema, sem málið snýr að, á fund stjórnar.

13. NKU/AU/VK fundur 24. – 25. september

Gerð var grein fyrir fundinum á fulltrúaráðsfundi 21. október sl.

Fundargerð hefur síðan borist frá NKU/AU

14. Óafgreidd mál í vinnslu á borði stjórnar

Farið yfir þessi óafgreiddu mál. Herdís og Jóna tóku að sér að sér að útbúa reglugerð um nám fyrir veiðiprófsdómara í tegundahópi 7. Leitað verður til tveggja dómara til að vinna þessa reglugerð með Jónu og Herdísi. Þegar reglugerðin liggur fyrir samþykkt af stjórn HRFÍ, mun stjórn skipa í veiðiprófsdómaranefnd.

15. Önnur mál

· Erindi frá Herdísi Hallmars fylgiskj.

Ég hef verið þeirrar skoðunar um nokkurt skeið að það væri við hæfi að stjórn HRFÍ setti sér verklagsreglur. Það að setja hæfisreglur er að mínu mati fyrsta skrefið í þá átt. Hæfisreglur þessar byggja á þeirri forsendu að stjórnarmenn og hverjir þeir sem taka að sér trúnaðarstörf í þágu félagsins og í krafti þeirra starfa þurfa að taka ákvarðanir, séu vanhæfir til meðferðar máls og ákvörðunar, ef mál varðar viðkomandi sjálfan eða nána venslamenn hans á þann hátt að almennt megi ætla að áhrif hafi á afstöðu hans til úrlausnarefnisins. Reglum þessum, verði þær samþykktar, er ekki einungis ætlað að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efni ákvarðana, heldur er þeim einnig ætlað að stuðla að því að hinn almenni félagsmaður og aðrir sem í hlut eiga geti treyst því að innan félagsins sé leyst úr málum á hlutlægan hátt.

Samþykkt

Fundi lokið kl.20.30

Næsti fundur áætlaður 10. desember kl.17.00